

## Upplýsingar til umsækjanda vegna sveinsprófs í klæðskurði

| Uppbygging og vægi prófs:  | Innra vægi  | Vægi       |
|--|-------------|------------|
| <b>Sniðteikning, framsetning á verkefni og útlitsteikning</b>              | <b>100%</b> | <b>10%</b> |
| Sniðteikning   | 80%         |            |
| Mappa, framsetning á prófgögnum  | 10%         |            |
| Útlitsteikningar, vinnuteikning, verklýsing, skráning dagbókar.            | 10%         |            |
| <b>Efnismeðferð / sniðning</b>   | <b>100%</b> | <b>5%</b>  |
| Efnis- og fóðurval ásamt öðru tilleggi                                     | 20%         |            |
| Efni pressað / staujað fyrir sniðningu, krumpulaust                        | 20%         |            |
| Umgengni um flík og almenn snyrtimennska                                   | 20%         |            |
| Efnislögn rétt á borði, efnisnýting, meðferð efna í sniðningu              | 40%         |            |
| <b>Samsetning og frágangur</b>   | <b>100%</b> | <b>65%</b> |
| Kragi, silki   | 10%         |            |
| Vasar  | 15%         |            |
| Ermur, klaufar og ermaísetning   | 12.5%       |            |
| Handsaumur   | 12.5%       |            |
| Vélsaumur  | 2.5%        |            |
| Innra byrði: fóður, hárdúkur, pullur, herðapúðar, tvinni og annað tillegg. | 7,5%        |            |
| Pressun og líming.   | 10%         |            |
| Hnappagöt, tölur og áfesting.  | 5%          |            |
| Buxnaklauf með streng.   | 10%         |            |
| Heildarútlit, mátun og máltaka.  | 15%         |            |
| <b>Skriflegt próf</b>  | <b>100%</b> | <b>10%</b> |
| <b>Vinnuhraði</b>  | <b>100%</b> | <b>10%</b> |
| Vinnuskipulag  | 50%         |            |
| Verkferlið (dagbókarfærslur)   | 50%         |            |

**Próftími.** Miðað er við að verklegt próf sé 40 klst, 5 vinnudagar frá kl: 08-17, gert er ráð fyrir 1 klst í hádegismat alla dagana.

**Prófstykki.** Val er um: Kjóljakka, smókingjakka og einhnepptan jakka.

Í upphafi prófs kemur próftaki með sniðið tilbúið til að sníða. Búið er að teikna grunn og útfæra snið. Leggja skal fram útlitsteikningu af prófstykkinu í upphafi prófs ásamt saumaðri klaufaprufu með streng í sama efni og í samræmi við jakkann.

Grunnsniði, vinnusniðum, málblöðum, verklýsingu ásamt dagbókarfærslum og öðru viðkomandi er skilað um leið og fullkláruðu, pressuðu prófstykki með tölum/hnöppum og hnappagötum í lok prófs.

### **Máltaka og mátn.**

Prófstykkid skal saumað á karlmann sem hægt er að kalla til mátnar eftir þörfum. Módelid má hvorki vera menntað í greininni né í námi í fataidn, fatasaum né fatahönnun og ekki starfsmaður skólans. Skytt er að máta prófstykkið einu sinni meðan á prófi stendur og sýna þá einnig máltöku ásamt þeim breytingum sem fyrirhugaðar eru. Á lokadegi prófs skal lokamátn fara fram. Viðstaddir mátnir verða að vera a.m.k. tveir fulltrúar prófnefndar. Próftaka er heimilt að máta oftast ef nauðsyn krefur, en í samráði við prófnefnd.

### **Sniðagerð og sniðning.**

Próftaki er búinn að taka mál, teikna snið og útfæra. Við upphaf prófs skal einnig vera til staðar allt efni og tillegg. Einnig má vera búid að undirbúa undirkragaefni, pullur og axlapúða.

### **Verklegur hluti.**

Allir verkþættir prófsins eru unnir á próftökustað. Próftaka er heimilt að hafa með sér þau gögn og verkfæri sem hann telur sig þurfa en ekki tölvu. Meðan á prófi stendur fá nemendur í hendur dagbókarblöð þar sem rita skal hvað unnið er hvern dag. Eins skal skrá ef tafir verða á próftímanum. Ætlast er til handsaums við niðurlagningu fóðurs við besetningu, ermafóður við handveg og stúss við kruga. Einnig er leyfilegt að handsauma allt fóðrið inn í jakkann.

### **Skriflegt próf.**

Skriflegt próf er lagt fram kl.8 á þriðja degi prófs. Áætlaður tími er 30 mínútur.

Þeir þættir sem spurt verður um eru t.d. meðferð véla, meðferð efna, vinnuaðferðir, hjálpartæki og þverskurðir.

### **Skráning prófgagna.**

Samkvæmt reglugerð um sveinspróf nr.698 17.gr frá 20. ágúst 2009 er prófnefnd heimilt að skrá vinnuferlið með dagbókarfærslum og myndum (ljósmyndum og myndböndum).

Próftaka er óheimilt að taka myndir á meðan prófi stendur.

### **Prófkröfur og skil.**

Ætlast er til að próftaki nái a.m.k. 50% réttu svari í hverjum lið prófsins. Prófnefnd kallar saman einn fund er niðurstöður liggja fyrir og kynnir þær próftökum. Samkvæmt reglugerð um sveinspróf nr.698 frá 20. júlí 2009, 15.gr "Sé próftaki ósáttur við niðurstöður nefndarinnar getur hann óskað eftir skýringum á þeim. Telji hann enn ástæðu til að véfengja niðurstöður sveinsprófsnefndar getur hann vísað málinu til úrskurðar mennta- og barnamálaráðherra innan mánaðar frá þeim tíma er honum voru niðurstöður kunnar." Til að próftaki geti nýtt sér áðurnefndan ákærurétt er honum óheimilt að taka við prófstykkinu.

Niðurstöður prófsins eru sendar til löunnar fræðsluseturs.

### **Afhending sveinsbréfa.**

Undanfarin ár hefur Klæðskera- og kjólameistarafélagið staðið fyrir afhendingu sveinsbréfa. Venjulega hefur afhendingin farið fram í september. Þurfi nýsveinn á sveinsbréfinu að halda fyrir, svo sem vegna atvinnu eða framhaldsnáms er hægt að nálgast bréfið í löunni fræðslusetri í samráði við formann sveinsprófsnefndar. Nú eru niðurstöður prófsins einnig sendar í tölvupósti eftir prófsýningu.

Sveinsprófsnefndin.